

## Fundargerð fræðsluráðs Húnaþings vestra.

153. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 2. September 2014, kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins

### Fundinn sátu:

Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir, Valdimar Gunnlaugsson og Sigrún Waage. Esther Hermannsdóttir sviðsstjóri boðaði forföll

**Fundarritari:** G. Kristín Ólafsdóttir

### Dagskrá:

1. Sigurður Þór skólastjóri grunnskólans mætir á fundinn kl. 15:10. Farið yfir fyrirkomulag skólaaksturs, skólabyrjun og þróunarstarf í skólanum.
2. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans Ásgarðs mætir á fundinn 15:40. Ráðningar á leikskólann Ásgarð og á Borðeyri. Vetrarstarf leikskólans.
3. Karl B. Örvarsson framkvæmdastjóri og Halldóra Árnadóttir rekstrar-og dagskrárstjóri Skólabúðanna á Reykjum mæta á fundinn kl. 16:15. Farið yfir fyrirkomulag og starfsemi.

### Afgreiðslur:

1. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri grunnskólans og Lára Helga Jónsdóttir fulltrúi kennara mættu til að fara yfir starf grunnskólans. Sigurður kynnti fyrirkomulag skólaaksturs í vetur. Samþykkt var í byggðaráði að bjóða ekki upp á seinni akstur fyrir yngri börn á miðvikudögum einungis 8-10. bekkjarnemendur. Tekið verður á móti athugasemdum og samþykktin endurskoðuð gerist þess þörf.

Fræðsluráð veltir fyrir sér hvort breytingar á skólaakstursfyrirkomulagi minnki möguleika dreifbýlisbarna á ástundun tómsundastarfs. Ráðið beinir því til sveitastjórnar að kanna möguleika á auknu fjármagni í tómsundaakstursstyrki með tilliti til breytinga á skólaakstursfyrirkomulagi.

Sigurður kynnti þriggja ára þróunarverkefnið Orð á orði sem er sjálfstætt framhald af Byrjendalæsi og einblínir á lestur og læsi barna á öllum skólastigum. Þetta er samstarfsverkefni við skólana í Austur-Húnavatnssýslu.

Fræðsluráð lýsir yfir ánægju með þetta verkefni.

Sigurður fór yfir hvernig skólastarf fer af stað. Hann er mjög ánægður með hvernig til hefur tekist með flutning skólans til Hvammstanga, ekkert óvænt hefur komið upp. Enn er þó beðið eftir húsbúnaði sem stendur til bóta fyrr en síðar. Kosið verður í nemendaráð á föstudag og svo foreldraráð í næstu viku. Sigurður óskar eftir að fá að sitja undir fyrsta lið Guðrúnar Láru.

2. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans mætti ásamt Jóhönnu Helgu Sigtryggisdóttur til að fara yfir starf skólans í vetur. Hún bar upp þá ósk að fundarboð fræðsluráðs verði framvegis sent fulltrúa foreldra og fulltrúa starfsmanna líka. Hún gerði grein fyrir því að Ylfa Jean Adele Ómarsdóttir hafi sótt um starf sem deildarstjóri í leikskóladeild Borðeyrar. Hún hefur verið ráðin til starfsins. Yfir skólaárið verða 14 föstudagar kenndir á Borðeyri til viðbótar við aðra kennsludaga þar. 7 nemendur verða þar í grunnskóladeild í vetur og 5 börn í leikskóladeild. Sigurður og Lára Helga véku af fundi kl. 16:00 og þakkaði formaður þeim fyrir greinargóðar upplýsingar og komuna.

Guðrún Lára óskar eftir að fá að vera fyrst á dagskrá framvegis þar sem hún er með kennarafundi á sömu dögum og fræðsluráð fundar. Aðstoðarskólastjóri Þórunn Helga Þorvaldsdóttur hefur verið ráðin deildarstjóri og mun sinna báðum þeim störfum. Tvær kennarastöður voru lausar við skólann, búið er að ráða í aðra stöðuna en hina er enn óráðið í. Nemendur við leikskólann eru 37, en gert ráð fyrir að nemendur verði 40 í apríl n.k. Nýtt í starfi í vetur verður jóga sem verður í boði fyrir elstu nemendur skólans. Pálína Fanney Skúladóttir mun annast það. Guðrún Lára og Jóhanna Helga véku af fundi kl. 16:15. Formaður þakkaði Guðrúnu Láru fyrir greinargóðar upplýsingar og komuna.

3. Karl B. Örvarsson framkvæmdastjóri og Halldóra Árnadóttir rekstrar-og dagsskrárstjóri Skólabúðanna á Reykjum mættu ekki og sendu boð um forföll á miðjum fundi.
4. Nafn Grunnskóla Húnaþings vestra. Nokkrar umræður voru um þennan lið. Formanni fræðsluráðs falið að beina því til skólastjóra grunnskólans að kanna vilja innan skólasamfélagsins um breytingu á nafni grunnskólans.
5. Önnur mál.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið 17:25

Magnús Magnússon

Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir

G. Kristín Ólafsdóttir

Sigrún Waage

Valdimar Gunnlaugsson